

Sp.

686. Þingsályktun

um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta.

(Afgreidd frá Sp. 24. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma nú þegar á þeirri skipan um veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa, að tryggt sé, að nauðsynjavörum, framleiðsluvörum, byggingarvörum og iðnaðarvörum sé dreift um landið í hlutfalli við þarfir, íbúafjölda og fjárfestingarleyfi hinna einstöku héraða og verzlunarsvæða. Í því sambandi skal bent á þessar reglur til eftirbreytni:

1. Heildarinnflutningi til landsins á skömmtunarvörum og öðrum venjulegum verzlunarvörum, öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið, verði skipt niður á landsfjórðunga, eftir nánar tilteknum mörkum, í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers fjórðungssvæðis. Leyfunum sé úthlutað til verzlana og fyrirtækja búsettra innan hvers fjórðungssvæðis.
2. Heildarinnflutningi til landsins á byggingarvörum verði skipt niður á sömu fjórðungssvæði í fullu samræmi við fjárfestingarleyfi fjárhagsráðs og sveitarstjórna á hverju svæði.
3. Heildarinnflutningi á útgerðarvörum skal úthluta til fjórðungssvæðanna í hlutfalli við skipastól og útgerðarrekstur hvers svæðis.
4. Heildarinnflutningi á efnivörum til iðnaðar skal skipt niður á fjórðungssvæðin og úthlutað til verksmiðju- og iðnfyrirtækja í hlutfalli við verksmiðju- og iðnrekstur á fjórðungssvæðunum, með tilliti til afkastagetu og möguleika fyrirtækjanna til hagkvæmrar og ódýrrar framleiðslu. Iðnfyrirtækin skulu skipta framleiðslu sinni milli landshluta eftir fyrirmælum viðskiptanefndar, hlutfallslega eftir þörfum hvers svæðis.

Viðskiptanefnd verði falið að birta opinberlega innan eins mánaðar frá lokum hvers árshelmingis yfirlit um leyfisveitingar í hvern landsfjórðung á næstliðnum 6 mánuðum, sundurliðað eftir aðalvöruflokkum.